

## **Erindi Foreldrafélags Austurbæjarskóla dags. 16. nóvember 2021 um umferðaröryggi við Hverfisgötu.**

Kæra Íbúaráð Miðborgar- og Hlíða,

Foreldrar í Austurbæjarskóla hafa beðið Foreldrafélagið að beita sér fyrir því að umferðaröryggi verði tryggt við Hverfisgötu. Á Hverfisgötu er stöðug og hröð umferð bíla, strætisvagna, hjóla og rafmagnshlaupahjóla í báðar áttir. Það getur því verið varasamt fyrir börnin að fara yfir götuna. Að auki teljum við umferðina við við Hverfisgötu alla jafna vera yfir hámarkshraða.

Mikill fjöldi barna í Austurbæjarskóla sækir Tónmenntaskóla Reykjavíkur við Lindargötu og þarf að komast yfir Hverfisgötuna, bein gönguleið frá skólanum og úr frístundinni er niður Vitastíg, þar er gangbraut á Hverfisgötu en engin gangbrautarljós, við Frakkastíg eru heldur engin gangbrautarljós.

Einnig er fjölmennt íbúðahverfi fyrir neðan Hverfisgötuna þar sem búa börn sem sækja Austurbæjarskóla og þurfa að fara yfir götuna á leið í og úr skóla. Í dag er það varla hægt með öruggum hætti. Oft getur líka reynst erfitt fyrir hjólandi og akandi að sjá börnin í skammdeginu og myrkrinu á morgnana.

Við teljum nauðsynlegt að bæta öryggi gangandi barna yfir Hverfisgötuna. Foreldrar í Austurbæjarskóla myndu vilja fá gangbrautarljós við Vitastíg eða Frakkastíg.

Kærar þakkir,  
Stjórn foreldrafélags Austurbæjarskóla